


LexicoNordica

Titel:	Tékknesk-íslensk orðabók eftir Helga Haraldsson	
Forfatter:	Baldur Sigurðsson	
Kilde:	LexicoNordica 30, 2023, s. 225-238	
URL:	https://tidsskrift.dk/lexn/issue/archive	

© 2023 LexicoNordica och författarna

Betingelser for brug af denne artikel

Denne artikel er omfattet af ophavsretsloven, og der må citeres fra den. Følgende betingelser skal dog være opfyldt:

- Citatet skal være i overensstemmelse med „god skik“
- Der må kun citeres „i det omfang, som betinges af formålet“
- Ophavsmanden til teksten skal krediteres, og kilden skal angives, jf. ovenstående bibliografiske oplysninger.

Tékknesk-íslensk orðabók eftir Helga Haraldsson

Baldur Sigurðsson

Helgi Haraldsson. *Česko-íslandský slovník; Tékknesk-íslensk orðabók.*
Voznice (Tékklandi): LEDA 2020, 440 síður. Verð: 699 CZK, 8.495 ISK.

1. Inngangur

Sérstakt fagnaðarefni er að eignast vandaða tékknesk-íslenska orðabók af hendi Helga Haraldssonar. Helgi á að baki farsælan feril sem orðabókarsmiður, hann samdi stóru *Rússnesk-íslensku orðabókina* (RÍO) sem út kom árið 1996, geysilega vandaða bók og mikið þrekvirki, og var ritstjóri stórrar norsk-rússneskrar orðabókar (2003) ásamt Valerí Bérkov. Báðar þessar bækur eru gerðar fyrir mælendur beggja tungumála.

Helgi bætir nú rós í hnappagat sitt með nýrri tékknesk-íslenskri orðabók og reisir hana á traustum grunni reynslu og þekkingar á sviði orðabókargerðar og kennslu. Helgi hefur í sínum fyrri orðabókum þróað aðferðir til að gera grein fyrir merkingu og málfræði hvers orðs á eins knappan hátt og mögulegt er til þess að notandi orðabókarinnar fái hámarksupplýsingar með sem minnstum tilkostnaði. Hér sækir Helgi í rússneska orðabókarhefð þar sem gerð er grein fyrir málfræðilegum eiginleikum hvers orðs, orðflokki, kyni nafnorða, horfi sagna og beygingu á knappan hátt, með skammstöfunum eða táknum, og hér er sannarlega gætt ítrustu nákvæmni. Í tvímála orðabókum milli erlendra mála og íslensku er ekki sama hefð fyrir að veita ítarlegar málfræðilegar upplýsingar um markmálið, sérstaklega ekki í orðabókum, sem gerðar eru fyrir þá sem eiga það að móðurmáli. Rétt er þó að benda

á *Sænsk-íslenska orðabók* (Holm & Davíðsson 1982) þar sem hvert íslenskt orð fær sína tilvísun í tölusett beygingarmunstur í málfræðiágrípi.

Lenka Zimmermanova og Marta Bartošková komu að gerð tékknesk-íslensku orðabókarinnar ásamt Helga, en Haukur Jóhannsson las prófarkir og tók þátt í að búa verkið til prentunar. Útgáfa bókarinnar á sér nokkuð langan aðdraganda enda slást útgefendur ekki um að gefa út orðabækur fyrir svo fámennan markhóp Íslendinga og Tékka sem ætla má að hafi áhuga á þessum tveimur tungumálum. Til að landa útgáfusamningnum gáfu þeir Helgi og Haukur vinnu sína.

2. Gerð bókar

2.1. Umfang og skýringar

Tékknesk-íslensk orðabók (TÍO) er 440 blaðsíður að stærð og hefur að geyma 53.200 tékknesk orð og orðasambönd og yfir 70 þúsund samsvaranir þeirra í íslensku. Þetta er meðalstór orðabók í handhægu broti, sem er mjög nálægt því að vera eins og A5 að stærð og lögun.

Til að glöggva sig á stærð bókarinnar má bera hana saman við tvær aðrar tvímála orðabækur, sem eru í svipuðu broti og svipaðar á þykkt. *Íslensk-pólsk/Pólsk-íslensk skólaorðabók* (464 bls.) kom út árið 2006, í sams konar bandi og sömu fánalitum og TÍO, og *Íslensk-tékknesk orðabók* (408 bls.) kom út 2008. Pólska bókinn (Bartoszek, S., P. Bartoszek & M. E. Bartoszek 2006) geymir um 25 þúsund orð, eðlilega færri en í TÍO, en íslensk-tékkneska bókinn (Kupča 2008) um 32 þúsund orð. Lengra nær samanburðurinn ekki.

TÍO tekur bókum af sömu stærð langt fram fyrir það hvað hún gefur miklar upplýsingar um hvert orð í báðum málunum,

tékkneskar flettur og íslensk jafnheiti þeirra. Í bókinni eru ekki aðeins upplýsingar um orðflokk, heldur líka beygingu, stílgildi og samhengi í orðasamböndum, allar upplýsingar án afsláttar, svo bókin á að geta þjónað jafnt íslenskum notendum og tékkneskum.

Ógerlegt væri fyrir svo litla og handhæga bók að rúma allan þennan fjölda orða og upplýsingar um þau nema vegna þess að hér er hver millimetri nýttur til hins ítrasta og segja má að hér sé brellubanki orðabókarritstjórans tekinn til kostanna af svo mikilli hugvitssemi að varla verður betur gert. Með hnitmiðuðu kerfi tákna og skammstafana er komið til skila miklu meiri upplýsingum um hvert orð en vant er að séu í orðabókum af þessari stærð hér á landi – og þó stærri væru.

Á innanverðum kápusíðum er leiðarvísir í 30 liðum á báðum málum um notkun tákna, talna, bókstafa og leturbreytinga í orðsgreinum og málfræðiágrípum, sem nánar eru skýrð á báðum málum í inngangi.

Í skammstafanaskrá í inngangi eru liðlega 120 skammstafanir, bæði tékkneskar og íslenskar, og allar skýrðar á báðum málum. Hér kemur í ljós sá vandi orðbókarhöfundar að gera notendum beggja mála jafn hátt undir höfði án þess að valda glundroða. Sú leið er valin að nota almennar skammstafanir eftir samhengi á tékknesku eða íslensku en flestar sérhæfðari skammstafanir, sem notaðar eru í orðsgreinum, eru á tékknesku, enda er þá oft um að ræða alþjóðleg orð sem Íslendingar þekkja, eða verða að þekkja. Til dæmis eru í skránni skammstöfunin *o.fl.*, bæði á íslensku og tékknesku og skýrð á báðum stöðum: „*aj*, a jíné *o.fl.* og fleiri/fleira“. Nokkur íslensk málfræðihugtök, s.s. *kk.*, *kvk.* og *hvk.* eru á skránni, enda eru þær notaðar í málfræðiágrípinu, en líka skammstafanirnar *m*, *f* og *n*, sem notaðar eru í orðsgreinum bókarinnar til að tákna kyn nafnorða. Föllin eru táknuð með upphafsstaf hinna latnesku (alþjóðlegu) heita fallanna, *N*, *G*, *D*, *A*, *V*, *L*, *I*, hér talin í þeirri röð sem tíðkast í tékkneskri málfræði, en í orðsgreinum er fallstjórn íslenskra orða sýnd með því að nota

skammstafanirnar *e-n*, *e-m*, *e-s* o.s.frv. sem skýrðar eru í skránni. Skammstafanir fyrir notkunarvið orða og stílgildi, sem koma fyrir í orðsgreinum bókarinnar, eru sömuleiðis að mestu alþjóðlegar, s.s. *astr*(ologie), *biol*(ogie), *geom*(etrie), *hist*(orie), *polit*(ika), með örfáum undantekningum á tékknesku, s.s. *přen*(esený) ‘óeiginleg merking’ og *zast*(aralý) ‘fornyrði’. Þetta jafnvægi skammstafaðra skýringa á tékknesku og íslensku er ógerlegt án þess að valda glundroða, en segja má að þessi lausn sé fyllilega ásættanleg, hún fer bil beggja, þjónar bæði tékkneskum og íslenskum lesendum en gerir um leið kröfur til íslenskra notenda um lágmarksskilning á alþjóðlegum hugtökum. Að auki er í inngangi skrá um 24 tákni eða tegundir tákna.

Næstum 150 skammstafanir og tákni, sem finna má í orðsgreinum bókarinnar, segir sína sögu um þær upplýsingar sem þjappað er í þær. Ekki er víst að allar skammstafanir hafi komist í skrána því undirritaður notandi rakst á að skammstöfunin *podm.zp.* (*podminovaci zbúsob* ‘viðtengingarháttur’) var ekki í skammstafanaskránni, en hún kemur fyrir í málfræðiárgripi á tékknesku þar sem yfirlit er um beygingu íslenskra sagna í töflum.

Sennilega er algengast að tvímálaorðabækur séu fyrst og fremst ætlaðar þeim sem kunna annað málið en þurfa að læra eitthvað um hitt. Má nefna tvö tímamótaverk í íslenskri orðabókarútgáfu sem dæmi: *Íslensk-dönsk orðabók* Sigfúsar Blöndals (1920–1924), svo nytsöm sem hún hefur verið Íslendingum, er ætluð til fróðleiks um íslensku fyrir þá sem kunna dönsku, og stóra *Ensk-íslensk orðabók* Arnar og Örlýgs (Sörenson 1984), er fyrst og fremst ætluð Íslendingum til fróðleiks um ensku.

Í upphafi bókar eru leiðbeiningar um notkun hennar og táknerfi en í lok bókar er ágríp af tékkneskri málfræði á íslensku (15 bls.) og af íslenskri málfræði á tékknesku (26 bls.). Mestu munar að lýsing á beygingu tékkneskra nafnorða og lýsingarorða tekur samtals 4 bls. en þessir orðflokkar í íslensku beygingarfræðinni

þurfa 13 bls. Í málfræðiágrípunum er byrjað á að fjalla um sögu og sérkenni hvors tungumáls, þá gerð grein fyrir grunnatriðum í hljóðfræði málsins, hljóðgildi bókstafa og ýmsum sérkennum í framburði, en meginhluti beggja kafla fjallar um beygingarfræði þar sem flokkuð og tölusett beygingardæmi eru sett upp í töflum. Í þessar töflur vísar táknerfi orðabókarinnar. Í lok beggja kafla er lítilsháttar fjallað um setningafræði. Í lok íslenskuágrípsins er skrá um 288 sterkar og óreglulegar sagnir, sambærileg við skrá sem finna má til dæmis í *Sænsk-íslenskri orðabók* (Holm & Davíðsson 1982).

2.2. Orðsgreinar

Orðsgreinarnar sjálfar eru hlaðnar upplýsingum. Hið margslungna táknerfi er hér nýtt til hins ítrasta, en því verður ekki lýst til hlítar nema með því að endurbirta í heild leiðarvísinn um notkun bókarinnar. Hér verða því dæmi látin duga.

Málfræðilegar upplýsingar eru ríkulegar. Öll orð í báðum málum eru merkt orðflokki, líka lýsingarorð, fornöfn og smáorð. Nafnorðin eru merkt með kyni (m , f , n í línu), eins og tíðkast í flestum orðabókum, og beygingarflokki með arabískri tölu í brjóstletri. Númer beygingarflokks vísar til töflu í málfræðiágrípi.

Sagnir eru auðkenndar með númeri beygingarflokks í brjóstletri, en við tékkneskar sagnir bætist ^p þegar sögnin er í loknu horfi (*perfekt*), ^{p/1} táknað sögnin gegni bæði loknu og óloknu horfi (*imperfekt*), en sögn í óloknu horfi er ómerkt.

Tilbrigði í beygingarflokkum eru að auki merkt með bókstöfum, sem finna má í beygingartöflunum. Ef orðið beygist ekki er það táknað með 0 en opinn þríhyrningur er til marks um óreglu í beygingu (Δ), og hann kemur víða fyrir með íslenskum orðum, ýmist einn sér eða í félagi við númer beygingarflokks.

Innan hvernar orðsgreinar er mismunandi merking flettiorðs aðgreind með tölustöfum, og innan hvers tölulíðar eru íslensk

jafnheiti, iðulega fleiri en eitt, sem aðgreind eru með kommu eða semíkommu, sjá mynd 1. Hverri merkingu geta fylgt margvíslegar skýringar, samheiti eða notkunarvið, t.d. ef orðið er notað um dýr (*zool*), grös (*bot*) eða íþróttir (*sport*), stílgildi, talmál (*hov*), ritmál (*kniž*), iðorð (*odb*), háð (*hanl*), sjaldgæft (*řidč*), eða orðasambönd og fallstjórn, allt eftir því sem við á. Langflest hugtök um málfræði og stílgildi orða eru alþjóðleg en hér eru af ásettu ráði taldar nokkrar skammstafanir sem beinlínis eru tékkneskar. Skammstafanaskrá er bæði á íslensku og tékknesku og segja má að íslenskum notendum sé engin vorkunn að læra þær fáu tékknesku skammstafanir sem ekki eru af latneskum uppruna og kunnuglegar.

dobrý *adj* 1 góður⁴⁵; (*správný*) réttur⁵; ~ý **kamarád** *m*¹ góður félagi *m*¹; ~á **na jazyky** {*v matematice*} góð í (tungu)málum {stærðfræði}; (*žádat*⁵) **po ~ém** (biðja⁴) með góðu 2 ~ý **kilometr** röskur⁵/rúmur⁵ kílómetri; **šel ~ou hodinu** hann gekk í röskan/rúman klukkutíma ♦ **komu** {*k čemu*} **je to ~é?** hefur hefur gagn af {hvaða gagn er í} því?; **tady je ~á rada drahá** nú eru góð ráð dýr ▲ **bydlo, den, chut**

Mynd 1: Orðsgrein um lýsingarorðið *dobrý*.

Á mynd 1 má sjá hvaða upplýsingar lesandi fær um eitt fyrsta orð sem allir læra í tékknesku, lýsingarorðið *dobrý*. Orðið hefur hér tvær grunnmerkingar, 1 ‘góður’ eða ‘réttur’, og 2 ‘röskur’ eða ‘rúmur’. Ekki er talin ástæða til að segja neitt um beygingu orðsins í tékknesku, enda er hún regluleg. Hins vegar er íslenska jafnyrðið *góður* merkt með þríhyrningi og tölunni 5 sem táknar óreglulega stigbreytingu en að öðru leyti beygingu skv. 5. flokki lýsingarorða. Á eftir svörtum tígli fylgja orðtök eða málshættir, aðgreind með semíkommu, en töluverð rækt er lögð við þennan hluta tungumálsins í bókinni. Upplýsingar eru gefnar um beygingar orða í skýringunum: við sjáum að nafnorðin *kamarád* og *félagi* eru karlkynsorð í fyrsta flokki, tékkneska sögnin *žádat* beygist eftir 5.

flokki og *biðja* er merkt með þríhyrningi, sem þýðir að sögnin er í skránni um sterkar og óreglulegar sagnir. Segja má að ofrausn sé í knappri orðabók að gefa málfræðilegar upplýsingar um tékknesk orð í dæmum þegar sömu orð eru sjálfstæð uppflettiorð í bókinni, en notandi sleppur þá við að fletta þeim upp. Svarti þríhyrningurinn í lok greinar vísar á þrjú orð þar sem finna má orðið *dobry* í öðru samhengi: *bydlo* 'líf, ævi', *den* 'dagur' og *chut* 'bragð, smekkur'. Svarti þríhyrningurinn er ein af þeim brellum sem ritstjórinn notar til að spara sér skýringar og endurtekningar, en tengir orð sem eiga samleið í málinu og fer um leið með lesanda í svoltinn leiðangur. Í þessu tilviki finnum við orðasambönd eða orðatiltæki með lýsingarorðinu *dobry* undir þeim þrem flettum sem vísað er til:

palí ho dobré bydlo ≈ hann er of góðu vanur¹

dobry den! góðan dag(inn)

dobrou chut! ≈ góða lyst! (*na Islandu neobvykle*); (*nechte si chutnat*) ≈ gjörðu/gjörðið svo vel!

Hér kemur natni og nákvæmni ritstjórans vel fram. Orðasambandið *dobrou chut!* merkir hið sama og hið franska *Bon appétit!* og ritstjóri getur þess réttilega að hin orðréttá þýðing, *góða lyst!* sé ekki til siðs á Íslandi, en þar segja menn frekar *gjörðu/gjörðið svo vel!* sem kannski er nær tékkneskunn *nechte si chutnat!*, en þó ekki, því tékkneska orðið *prosím!* er oftast notað þegar á íslensku er sagt *gjörðu svo vel!* Íslendingar þurfa oft að gjalda þess erlendis að eiga ekkert fjölnota kurteisisorð. Þeir kunna ekki að nota orð eins og *please, bitte, s'il vous plaît* eða *prosím*, og eru því stundum álitnir ókurteisir.

TÍO gerir mætavel grein fyrir þessum vanda í orðsgreininni um *prosím*. Orðið *prosím* er 1. ps.et. af sögninni *prosit* 'biðja' en er í orðabókinni greint sem ögn (*part*) í þeirri kurteisismarkingu

1 Bókstaflega: hann er brenndur af sællífi.

sem hér er til umræðu. Útskýrt er með dæmum hvernig *prosím* getur merkt 'gjörið svo vel', 'mætti ég biðja ...', 'ekki að þakka', 'afsakið' og 'ha?'. Hér er dæmi tekið um þá íslensku kurteisi að nota viðtengingarhátt og í málfræðiágrípi er útskýrt að viðtengingarháttur í íslensku geti haft fimm merkingar, þar á meðal fráma ósk og skilyrta bón.

Á mynd 1 sjáum við líka dæmi um hugvitsamlega notkun sviga. Venjulegur svigi afmarkar valkvæðar viðbætur, en slaufusvigi táknar valkvæða möguleika líkt og skástrík. Dæmin sýna val um að vera góð(ur) í tungumálum eða stærðfræði og að tala um röska eða rúman kílómetra. Einnig er sýnt tvenns konar orðalag, bæði á tékknesku og íslensku, með hliðstæða merkingu: *komu je to dobré?* 'hver hefur gagn af því?' og *k čemu je to dobré?* 'hvaða gagn er í því?'

Í þessari einu orðsgrein er saman þjappað mikilli þekkingu um bæði málin af nákvæmni og útsjónarsemi – og svona er bókin frá upphafi til enda, steinum er velt og kafað þar sem tilefni er til.

Ritstjórinn á uppi í erminni nokkur atriði sem hann dregur fram þegar þurfa þykir. Þar má nefna upplýsingar um framburð, bæði tékkneskra og íslenskra orða, þegar ætla má að lesandi sé í vafa. Satt að segja er ekki oft gripið til þeirra, oftast tók ég eftir að leiðbeint er um hvenær *-ll-* í íslensku er borið fram sem [tl] og hvenær sem [l:]. Tékknesk stafsetning er mjög reglubundin og fylgir framburði svo ekki er mikil þörf á að skýra hana sérstaklega, nema í nýjum tökuorðum sem ekki eru skrifuð samkvæmt tékkneskri stafsetningu. Dæmi er *design*. Tökuorð eru yfirleitt aðlögð tékkneskri stafsetningu samkvæmt framburði, svipað og Íslendingar gera, og má nefna *majonéza* 'majónes' sem dæmi.

2.3. Málfræðiágríp

Í orðabókarmálfræði er ekki unnt að vera með langar útskýringar eða bollaleggingar, heldur gegnir hún fyrst og fremst því hlutverki

að vera lykill að flokkun, skýringum og skammstöfunum í orðsgreinum bókarinnar. Bera má þessi ágríp saman við málfræðiágríp í öðrum orðabókum, til dæmis í *Sænsk-íslenskri orðabók* (1982) og *Rússnesk-íslenskri orðabók* (RÍO, 1996) eftir Helga sjálfan. Í báðum þessum bókum höfðu höfundar mun meira pláss og gátu jafnvel brúðlað svolítið með flatarmálið á síðunum, en hér er það ekki í boði.

Tékkneska málfræðin er mjög knöpp. Beygingarflokkar tékkneskra nafnorða og lýsingarorða eru taldir saman í kafla, og hvert dæmi beygt í töflum, og um það er kaflanum lýkur hafa eignarfornöfn og blönduð beyging verið afgreidd líka, t.d. *Karlúv most* 'Karlsbrúin' og *ten člověk* 'þessi maður'. Þessi dæmi eru vel til fundin því þarna er því komið á framfæri að *člověk* er ekki til í fleirtölu, heldur er notað fleirtöluorðið *lidé*, sem samsvarar orðunum *fólk*, *menn* eða *manneskjur* á íslensku, en er að forminu til fleirtala af eintölunni *lid* 'fólk, almenningur'², og þótt orðið sé málfræðilegt karlkyn er það hlutlaust gagnvart þeim orðum sem tákna líffræðilegt kyn, *muž* 'karl' og *žena* 'kona'.

Tegundir tékkneskrar nafnorðabeygingar eru taldar eftir kyni, sex í karlkyni (m^{1-6}), fimm í kvenkyni (f^{1-5}) og fimm í hvorugkyni (n^{1-5}). Ritstjóri þarf að ákveða hvaða hefð hann fylgir um röð falla, íslenskri hefð um röð fjögurra falla, NADG, eða tékkneskri hefð um röð sjö falla, NGDAVLI. Rök eru fyrir því að hann velur tékkneska röð. Í fyrsta lagi nær tékkneska röðin til allra falla í bókinni, en í íslensku er engin hefð fyrir röðun þriggja síðustu fallanna í tékknesku. Í öðru lagi byggist hin tékkneska röð fallanna á langri hefð í fleiri tungumálum sem rekja má að minnsta kosti aftur til málfræði Dónats á 4. öld eftir Krist. Í þriðja lagi hafa Tékkar lært nöfn falla eftir röð: *fyrsta*, *annað*, *þriðja* ... *fall*, og því töluvert átak fyrir þá að aðlagast nýrri röð. Vissulega er þessi röð svolítið óþægileg í fyrstu fyrir Íslending, en venst fljótt.

Sagnir beygjast eftir fimm flokkum og auk þess eru nokkrar

2 Virðist vera rótskylt orðinu *lýður* á íslensku.

sagnir óreglulegar. Einfalt er að sýna beygingarmynstur í þremur persónum og tveimur tölum þar sem í tékknesku er aðeins ein ósamsett tíð, nútíð, og bara í framsöguhætti og boðhætti. Aðrar tíðir og hættir eru samsett með sögninni *být*, ‘vera’, sem líka er notuð í framtíð, *bud-*, og viðtengingarhætti, *by*, eða *bych*, sem í TÍO (og sumum öðrum orðabókum) er flokkuð sem viðtengingarháttartákn eða ögn, þótt hún beygist eins og sögn í persónum og tölum.

Íslensk málfræði Helga Haraldssonar í RÍO var brautryðjendaverk, þar sem lýsing á íslensku beygingarkerfi, alveg niður í minnstu smáatriði, er njörvuð niður þannig að unnt er að vísa til hennar af nákvæmni með táknkerfi orðabókar. Í ágrípinu í RÍO var kostur á að gefa yfirlit og útskýra aðeins eigindir íslenskrar málfræði og hvernig flokkunarkerfið er hugsað. Hér hafa allar skýringar verið skornar niður, en eftir standa orðflokkar og beygingar í töflum. Það er mjög miður því skýringarnar í RÍO voru mjög nytsamar og fróðlegar. Ég sakna þess til dæmis að hér er ekki yfirlit um beygingarflokka nafnorða (tafla 2.6 í RÍO) heldur er rennt beint í beygingardæmi í töflum eftir flokkum. Í kerfi Helga eru 11 beygingarflokkar nafnorða, þar af eru fyrstu þrír flokkarnir veik beyging, en hinir sterk beyging. Í hverjum flokki geta verið orð af öllum kynjum, en einungis karlkynsorð fylla alla flokkana. Kvenkynsorð tilheyra níu flokkum og hvorugkynsorð fjórum. Þótt þessi flokkun sé byggð á sögulegri hefð í fræðilegri beygingarlýsingu íslensks máls, og gefi heilsteypta mynd af „kerfinu“, er ég ekki sannfærður um að hún henti í orðabókarmálfræði. Þegar notandi leitar að beygingu orðs, með tilvísun úr orðsgreinum bókarinnar, t.d. *m*⁷ eða *f*⁹, finnur hann karlkyns-, kvenkyns- og hvorugkynsorð hvert innan um annað í dæmasafninu, en ekki alla karlkynsflokkana fyrst eins og í tékkneska yfirlitinu. Þarna er spurning hvort í orðabók sé ekki unnt að gera beygingarlýsingu íslenskra nafnorða þannig úr garði að dæmum sé raðað eftir kynjum, án þess að slegið sé af fræðilegri sýn.

Mun flóknara er að gera grein fyrir beygingu íslenskra sagna en tékkneskra í persónum og tölum. Ósamsettar tíðir í íslensku eru tvær, nútíð og þátíð, og beygjast bæði í framsöguhætti og viðtengingarhætti. Til að sýna alla persónubeyginguna þarf því að sýna 24 beygingarmyndir af hverri sögn. Helgi sýnir í töflum dæmi um alla persónubeygingu sagna. Veikar sagnir eru í þremur flokkum og auk þess *ri*-sagnir, núþálegar sagnir og að síðustu sterkar sagnir í ellefu flokkum. Í framhaldi er skrá um 288 sterkar og óreglulegar sagnir. Skráin sýnir sjö beygingarmyndir: 1) nafnhátt, 2-3) 1.p.et. og ft. í fsh.nt. og 4-5) fsh.þt., 6) 1.p.et í vth.þt. og að síðustu 7) lh.þt. Hver sögn í skránni er auðkennd með beygingarflokki og fallstjórn, og til skila haldið samhengi fallstjórnar og merkingar. Má nefna að hér er tíundað að sögnin *geta* stýrir þolfalli þegar hún vísar til getu eða hæfni, eða að 'vera fær um', eignarfalli þegar hún merkir að 'nefna, hafa orð á, og þolfalli í sambandinu *að geta barn*.

Í upphafi sagnakaflans er gerð grein fyrir fimm mismunandi mynstrum í persónubeygingu sagna í eintölu og þau auðkennd með bókstöfum, ^{a,b,c,d,e}. Til þessara bókstafa er gripið þegar gefa þarf upplýsingar um persónubeyginguna, en lesandi veltir fyrir sér hvort ekki hefði mátt nota þetta kerfi betur og spara sér þá að einhverju leyti að sýna allar 24 myndirnar af persónubeygingu hverrar sagnar í töflunum.

3. Lokaorð

Hér hefur verið reynt að gera grein fyrir hvernig höfundur TÍO heldur utan um reglu og óreglu í íslenskri málfræði, og hefur þó ekki öllum atriðum verið til skila haldið í táknerfi bókarinnar.

Tékkar hafa alltaf litið á sig sem smáþjóð í smáríki, umkringda stærri og sterkari nágrönnum. Sýn þeirra á umheiminn er að því leyti lík sýn Íslendinga að þeir nálgast umheiminn af forvitni

og lítillæti. Báðar þessar þjóðir vita að kunnátta í erlendum tungumálum er nauðsyn og margir Tékkar eru málamenn og láta sér ekki bregða við að læra tungumál eins og íslensku, sem þykir nokkuð flókið í augum þeirra sem ekki þekkja föll og flóknar sagnbeygingar.

Íslendingur hittir fyrir í tékkneskri málfræði marga góða kunningja úr íslensku máli og málfræði sem ekki er að finna í þeim Evrópumálum sem næst okkur eru. Við erum alveg sátt við að íslensk málfræði, að minnsta kosti beygingarfræðin, sé talin flóknari en í dönsku, ensku og þýsku. Manni finnst að hún sé frekar á pari við málfræði tékkneskunnar eða annarra slavneskra mála. Því er athyglisvert fyrir íslenska lesendur að bera saman íslenska og tékkneska málfræðiágripin í þessari bók, sem bæði eiga að gegna sama hlutverki, veita sambærilegar upplýsingar um orðin í bókinni. Íslenska ágripin er töluvert lengra og töflur um beygingu orða fyrirferðarmeiri. Þýðir það að íslenska sé þeim mun flóknari en tékkneska, eða hefur ritstjórinn lagt meiri rækt við að lýsa íslensku fyrir Tékku en tékknesku fyrir Íslendingum?

Á tímum þegar fólk flæðir milli landa og þarf að læra ný tungumál er oft spurt hvort eitt mál sé flóknara eða erfðara en annað. Almennungur í mörgum löndum, til dæmis á Íslandi, í Tékklandi og Póllandi, er sannfærður um að móðurmál þeirra sé erfðara en öll önnur mál. Við verðum ef til vill að sætta okkur við að íslensk málfræði sé flókin – jafnvel fyrir Tékka.

Tékknesk-íslensk orðabók Helga Haraldssonar er ekki mikil að vallarsýn, virðist í fyrstu á við hvert annað tvímála orðasafn að stærð og umbroti. En um leið og bókin er opnuð blasir við að hér er á ferð geysilega vönduð og nákvæm orðabók sem er sambærileg við stærstu og bestu tvímála orðabækur sem við eigum um íslensku.

Ívitnuð rit

- Bartoszek, Stanisław J., Paweł Bartoszek & Marta Ewa Bartoszek (2006): *Íslensk-pólsk, pólsk-íslensk skólaorðabók*. Reykjavík: sjb.
- Blöndal, Sigfús (1920–1924): *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Holm, Gösta & Aðalsteinn Davíðsson (ritstj.) (1982): *Svensk-ísländsk ordbok, Sænsk-íslensk orðabók*. Lund, Reykjavík: Walter Ekstrand, Almenna bókafélagið.
- Kupča, Vojtěch (2008): *Íslandsko-český slovník*. Průhonice (Tékklandi): Litera Proxima.
- RÍO = Helgi Haraldsson (1996): *Rússnesk-íslensk orðabók*. Ritstj. Valerí P. Berkov. Reykjavík: Nesútgáfan.
- Sörenson, Sören (1984): *Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*. Ritstj. Jóhann S. Hannesson & Jóhannes Þorsteinsson. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- TÍO = Helgi Haraldsson (2020): *Česko-íslandský slovník; Tékknesk-íslensk orðabók*. Ritnefnd Marta Bartošková, Lenka Zimmermannová & Haukur Jóhannsson. Voznice (Tékklandi): LEDA.

Sammanfattning

Tjeckisk-ísländsk ordbok av Helgi Haraldsson

Helgi Haraldsson. *Česko-íslandský slovník; Tékknesk-íslensk orðabók*. Voznice (Tjeckien): LEDA 2020, 440 sídor.

Tjeckisk-ísländsk ordbok av Helgi Haraldsson tycks vid första anblicken vara en medelstor ordbok i behändigt format, 440 sídor. Den innehåller 53 200 tjeckiska uppslagsord och fraser och över 70 000 motsvarigheter på isländska. I slutet av boken finns ett sammandrag av tjeckisk grammatik på isländska och ett sam-

mandrag av isländsk grammatik på tjeckiska. Dessa grammatiska översikter behandlar kortfattad fonetik och syntax men huvudsyftet är att redogöra för böjningssystemet med indexerade exempel i tabeller. I ordartiklarna hänvisas till dessa tabeller med siffror. I dessa sammandrag, såväl som i bokens artiklar, strävar man efter att betjäna användare av båda språken. Ordartiklarna innehåller all information om ordklass, deklination eller konjugation samt användning, såväl för de tjeckiska uppslagsorden som för deras isländska motsvarigheter.

När det gäller information om grammatiska drag, användning av ord i olika sammanhang, fraser, uttryck och idiom är boken jämförbar med de största tvåspråkiga ordböcker som har getts ut på isländska, med hänsyn tagen till skillnaden i storlek. I artiklarna används ett genomtänkt system med förkortningar och symboler som ger information om grammatiska egenskaper, hänvisar till andra ord i boken och inte minst till de grammatiska sammanfattningarna av båda språken i slutet av boken.

De grammatiska termer som ges i förkortad form i ordartiklarnas förklaringar är generellt de internationella, t.ex. används *m*, *f*, *n* för substantivs genus, och inte de isländska förkortningarna *kk*, *kvk*, *hk*. Det stilistiska värdet av ord eller användning definieras med de ord som används i tjeckiska, vilka till största delen är internationella ord, *astr*(onomi) och *biol*(ogi), snarare än att använda de isländska termerna *stjörn*(ufræði), *lif*(fræði). De internationella beteckningarna är väl kända men det återstår några tjeckiska begrepp som de isländska användarna måste lära sig.

Helgi Haraldsson gav ut en stor rysk-isländsk ordbok 1996. Denna lilla tjeckisk-isländska ordbok drar verkligen nytta av hans erfarenhet av det arbetet, för den ser ut att vara mycket större inuti än det yttre formatet antyder.